

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Reykjanesbraut, breyting á deiliskipulagi.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum 8. nóvember 2023 breytingu á deiliskipulagi fyrir Reykjanesbraut. Í breytingunni felst breyting á afmörkun deiliskipulagsins vegna nýs deiliskipulags Straumsvíkur sunnan Reykjanesbrautar. Einnig er gert ráð fyrir nýjum undirgöngum undir Reykjanesbraut austan við lóð álversins. Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

Nýtt deiliskipulag fyrir Rauðamelsnámu.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum 8. nóvember 2023 nýtt deiliskipulag fyrir Rauðamelsnámu. Skipulagið gerir ráð fyrir 15,7 ha efnistökusvæði við Rauðamel sunnan Reykjanesbrautar. Gert er ráð fyrir 1,6 ha byggingarreit á svæðinu þar sem heimilt verði að reisa allt að 6 mannvirki, samtals 500 m² að hámarki. Aðkoma verði um Barböruveg. Þegar efnistöku er lokið ber að ganga frá svæðinu þannig að það falli vel að umhverfi sínu. Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

Hvaleyri, breyting á skipulagsmörkum.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum 8. nóvember 2023 breytingu á skipulagsmörkum fyrir Hvaleyri. Mörk skipulagssvæðisins breytast vegna breytinga á deiliskipulagsmörkum álversins í Straumsvík. Skipulagssvæðið minnkar þannig að vegtenging frá Reykjanesbraut að dælu- og hreinsistöð fellur út úr deiliskipulagi Hvaleyrar, en verður þess í stað innan deiliskipulags álversins í Straumsvík eftir breytingu þessa. Minnkun skipulagssvæðisins er um 2.500 m². Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

Hafnarfirði, 4. janúar 2024.

Berglind Guðmundsdóttir landslagsarkitekt.

B-deild – Útgáfudagur: 18. janúar 2024